

Mál nr. 142/2011

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)

Slys á barni við leiktæki í sundlaug 09.03. 2009.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 05.03. 2010.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.04. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við leik í umræddri sundlaug við leiktæki. Gúmmihulsur vantaði á leiktækið í umrætt sinn sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur ósannað að orsakatengsl séu fyrir hendi á milli slyssins og þess að tilteknar gúmmihulsur hafi vantað á leiktækið sbr. nánar umfjöllun félagsins í nefndu bréfi. Fram kemur að “félagið er reiðubúið í ljósi allra atvika að koma til móts við málskotsaðila með því að fallast á það að greiða tjón hennar að fullu úr fjálsri ábyrgðartryggingu A en án viðurkenningar á bótaskyldu....”

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja ljóst að umrætt leiktæki var áfátt og að slysaætta hafi verið fyrir hendi. Nauðsynlegar úrbætur voru gerðar í kjölfar slyssins.

Sem fyrr segir hefur vátryggingafélagið fallist á að greiða tjón M “að fullu úr frjálsri ábyrgðartryggingu” A en án viðurkenningar á bótaskyldu.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum mun úrskurðarnefndin ekki fjalla frekar um mál þetta þar sem ljóst er að vátryggingafélagið hefur samþykkt greiðsluskyldu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 17. maí 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.